



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 30. maí 2022

Staðsetning fundar: Teams

Dagsetning: mán 30.05.2022 kl. 14:00

Mættir: Anna, Áróra, Íris, Alexandra, Sunna, Olga, Sirrý, Ragnar

Fundarritari: Alexandra

GBC Iceland – Grænni byggð – stjórn 2022-2023:

1. Ragnar Ómarsson (RÓ), formaður– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
2. Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ), gjaldkeri - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
3. Alexandra Kjeld (AK), ritari – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
4. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – VSÓ ráðgjöf - sigridur@vso.is
5. Olga Árnadóttir (OÁ), meðstjórnandi – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
6. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), varamaður - VA arkitektar – anna@vaarkitektar.is
7. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS), varamaður – Reginn – sunna@reginn.is

Áróra Árnadóttir (ÁA) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Starfsreglur fyrir komandi starfsár
2. Stjórn skipar með sér verkum
3. Aukaaðalfundur og breytingar á lögum
4. Yfirferð á styrkjum
5. Önnur mál

1. Starfsreglur fyrir komandi starfsár

Farið yfir starfsreglur og lög félagsins og boðun á stjórnarfundum.

„Stjórnin stýrir öllum málefnum félagsins milli aðalfunda og kemur fram út á við fyrir hönd þess. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi félagsins sé jafnan í réttu og góðu horfi.“ (6. gr. laga Gb)

„Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.“ (7. gr. laga Gb)“

Ragnar sendi almenn drög að dagskrá funda fyrir fundinn. RÓ lagði til að setja fastann fundartíma yfir starfsárið. Fastir fundarliðir væru eftirfarandi;

- 1 Fundargerð með viðstöddum skráð
 - skráð til að staðfesta lögmæti fundar
- 2 Fundargerð síðasta fundar samþykkt
 - skráð til að staðfesta lögmæti fundar
- 3 Aðildarfélög
 - Fjöldi félaga eftir aðildarflokkum
 - Erindi frá félögum
 - Erindi til félaga



- Almenn samskipti við félög
- 4 Aðstaða félagsins
 - Aðsetur félagsins
 - Aðbúnaður starfsmanna
 - Heimasíða félagsins
 - Samfélagsmiðlar
- 5 Starfsfólk félagsins
 - Starfsmannastefna félagsins
 - Starfskjör, vinnuskylda og vinnutími
 - Kjaramál, samningar og stéttarfélög
 - Tryggingar, styrkir og fríðindi
- 6 Fjárhagur félagsins
 - Fjárhagsstaða félagsins samanborið við fjárhagsáætlun
 - Tekjustofnar
 - Gjaldaliðir
 - Skuldbindingar
- 7 Verkefni félagsins
 - Yfirlit allra verkefna
 - Teymi, upphaf, staða, lok
 - Kostnaður og framvinda
- 8 Starfsemi félagsins
 - Fréttir frá síðasta fundi
 - Viðburðir framundan
 - Samstarf
 - Opinberir miðlar
- 9 Önnur mál

Einnig var farið yfir undirbúning aðalfundar og störf stjórnar eftir aðalfund;

- **Fyrir aðalfund** (minnst þremur vikum fyrir aðalfund): 1) Ársskýrsla yfirfarin og samþykkt, 2) Ársreikningur kynntur fyrir stjórn, 3) Starfsáætlun næsta árs kynnt og samþykkt, 4) Fjárhagsáætlun næsta árs yfirfarin og samþykkt, 5) Lagabreytingar, 6) Tillögur sem stjórn ber upp á aðalfundi, 7) Kjör stjórnar, kjör skoðunarmanna, 8) Auglýsing aðalfundar
- **Eftir aðalfund**: 1) Kosning formanns stjórnar, 2) Kosning gjaldkera, 3) Kosning ritara, 4) Tilkygning um breytingu á stjórn hjá Skattinum, 5) Uppfærsla á skráningu raunverulegra eigenda hjá Skattinum, 6) Tilkygning um breytingu á prófkúru hjá Skattinum, 7) Tilkygning um breytingu á prófkúru hjá viðskiptabanka, 8) Samþykktir á aðalfundi sem beint er til stjórnar, 9) Áætlun fyrir fasta fundi stjórnar

Eigendur Grænni byggðar eru skráðir frá árinu 2020 – þetta þarf t.a.m. að laga nú.

Fastur fundartími nk. vetur voru ræddir og voru fastsettir annar þriðjudagur í mánuði kl. 14-16. Ragnar boðar fundarröð nk. starfsár. Ákveðið verður í lok hvers fundar hvar fundurinn verður haldinn næst, þ.e. hjá einhverjum stjórnarmeðlim (á stað) eða á Teams.

Fyrir hvern fund sendir frkv.stjóri eða formaður út drög að dagskrá.

Fundargerðir verði samþykktar hverju sinni og gerðar aðgengilegar á heimasíðu Grænni byggðar.



Farið verður yfir stöðu aðildarfélaga, flokkun og innheimtu á næsta stjórnarfundum. Áróra og Íris mun skoða innheimtukerfi.

2. Stjórn skipar með sér verkum

Farið var yfir skipun aðalmanna og varamanna.

- Ragnar, fráfarandi formaður sl. 3ja ára, býður sig fram til formanns og er sjálfkjörinn. Hann gerir ráð fyrir að láta af störfum á næsta ári, en þá verður hann búinn að sitja í 4 ár sem er hámarkstími leyfilegur skv. lögum félagsins.
- Íris býður sig fram til gjaldkera nk. tvö ár og er sjálfkjörin. Íris mun annars tilkynningu um breytingu á stjórn hjá Skattinum, uppfæra skráningu raunverulegra eigenda hjá Skattinum. Ekki verður þörf að breyta prófkúru hjá Skatti eða viðskiptabanka.
- Alexandra býður sig fram til ritara og er sjálfkjörin. Rædd voru lög stjórnar og að ritari verði „verndari“ laganna.

Aðrir stjórnarmenn eru meðstjórnendur og nýjustu meðlimir stjórnar eru varamenn. Þessi skipun hefur þó lítið vægi því allir stjórnarmenn, varamenn meðtaldir, hafa jafnan rétt til ákvörðunartöku í stjórn og vinna í náinni samvinnu, líkt og hefur verið um árabil.

Stjórn Grænni byggðar fer sameiginlega fram á aukaaðalfund haustið 2022. Farið verður þar yfir breytingar á lögum félagsins. Hækkun aðildagjalda var einnig rædd og verður hækkun ákvörðuð og útfærð af stjórn á næstu mánuðum og kynnt aðildarfélögum, helst strax eftir næstu áramót, eða í byrjun árs 2023. Íris mun leiða þessa vinnu, ásamt Önnu Sigríði, og kynna á stjórnarfundum tillögur síðar nk. vetur.

3. Aukaaðalfundur og breytingar á lögum

Farið var yfir tillögur að breytingum á lögum og yfir þær umræður sem fram fóru á aðalfundi. Lagt var til að gera tillögur að breytingum og fá svo lögfróða aðila að borðinu til ráðgjafar. Ragnar mun leiða þessa vinnu, ásamt Sunnu, og kynna tillögur á stjórnarfundum.

Rætt var framlag aðildarfélaga til Grænnar byggðar. Stjórn treystir sínum aðildarfélögum best fyrir úthlutuðum verkum, áður en leitað er út fyrir það tengslanet.

Tímasetning aukaaðalfundar nk. haust þarf ekki að vera nálægt Degi Grænni byggðar. Ekkert er því til fyrirstöðu að halda slíkan fund í t.d. október eða nóvember.

4. Yfirferð á styrkjum – 7 verkefni alls

Áróra fór yfir stöðu rannsóknar- og verkefnastyrkja sem Grænni byggð hefur umsjón með; tímaramma, fjárhagsstöðu og verkefnastjórn

- CIRCON – EU & Norway Grants
- Losunarlausir verkstaðir – Innviðaráðuneytið
 - Ath. tveir nýir verkefnisstjórar ráðnir í 70% starf, hefja störf fljótlega.
- Umsóknir um styrki í Ask mannvirkjasjóð
 - HringRás í samstarfi við Arkitektafélag Íslands, Háskóla Íslands, Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, EFLU og VSÓ
 - Orkunotkun – hönnuð og mæld í samstarfi við EFLU, Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur, þar sem Reitir og Reginn eru samstarfsaðilar
- Umsóknir um verkefnastyrki frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu
 - Greining á ávinningi og kostnaði umhverfisvottana, a. & b.



- Kortlagning og leiðbeiningar um nýtingarmöguleika mismunandi byggingarúrgangs

5. Önnur mál

Setja þarf saman vinnuhóp fyrir Dag Grænni byggðar – Áróra mun boða fyrsta fund með fulltrúum innan stjórnar sem taka þátt í undirbúningi.

Rædd var tilhögun verðlauna Grænu skóflunnar (dómnefnd og ferli), sem veitt verður á Degi Grænnar byggðar, sem og framleiðsla verðlaunagrips.

Fleira var ekki gert, fundi slitið kl 15:30. Næsti fundur boðaður 14. júní.